

Réttindagæsla
Hlutverk og störf trúnaðarmanna fatlaðra og
þekking starfsmanna á heimilum fatlaðs
fólks á embættinu.

Arna Jakobsdóttir
Sólborg Baldursdóttir



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B.A.–gráðu
í þroskaþjálfafraði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Apríl 2010

Lokaverkefni til B.A. prófs

Réttindagæsla

Hlutverk og störf trúnaðarmanna fatlaðra og þekking starfsmanna á heimilum fatlaðs fólks á embættinu.

Arna Jakobsdóttir

030379-4119

Sólborg Baldursdóttir

290473-5359

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið

Íþróttá- tómsunda og þroskaþjálfabraut

Apríl 2010

Leiðbeinandi:
Friðrik Sigurðsson

Ágrip

Verkefni þetta fjallar um réttindagæslu með hliðsjón af störfum og hlutverki trúnaðarmanna fatlaðra og þekkingu starfsfólks á heimilum fólks með þroskahömlun á því embætti. Einnig er ætlunin að kynna fræðslu og upplýsingaskyldu þroskaþjálfar til starfsmanna á heimilum fólks með þroskahömlun. Í verkefninu er farið yfir hlutverk og störf trúnaðarmanna fatlaðra og hlutverk starfsfólks á heimilum fólks með þroskahamlanir. Einnig má líta niðurstöður könnunar sem gerð var meðal starfsfólks á heimilum fatlaðra, um þekkingu þeirra á embætti trúnaðarmanna fatlaðra og hvaðan þeim finnst fræðslan um embættið eigi að koma. Verkefnið var unnið samkvæmt meginlegum rannsóknaraðferðum (quantitative). Í könnuninni tóku þátt 21 starfsmaður á sjö heimilum fólks með þroskahömlun, þar sem úrtak var valið lagskipt og handahófskennt.

Hlutverk trúnaðarmanna fatlaðra er að gæta hagsmuna þeirra sem búa á sambýlum, áfangastöðum og á vistheimilum fyrir fötluð börn. Hann starfar eftir þeim almennum lögum sem gilda í landinu og sérlögum eins og lögum um málefni fatlaðra. Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að flestir starfsmenn vita hlutverk trúnaðarmanna fatlaðra og vilja að fræðsla um hann komi frá næsta yfirmanni, en allir yfirmenn þeirra sem þátt tóku eru þroskaþjálfar. Það kom í ljós að samkvæmt starfskenningu þroskaþjálfar ber honum að viðhalda þekkingu sinni og miðla henni áfram, sem bendir til þess að það sé í höndum þroskaþjálfar að viðhalda og sinna fræðslu innan síns starfsstaðar.

Formáli

Lokaverkefni þetta telst til 10 ECTS eininga í þroskaþjálfafraeðum á Íþróttatímstunda og þroskaþjálfabraut við Menntavísindasvið í Háskóla Íslands. Tíldrög verkefnis kemur til eftir fyrirlestur trúnaðarmanns fatlaðra í vettvangsnámi okkar vorið 2009.

Við viljum þakka Friðriki Sigurðssyni fyrir góða leiðsögn, uppbyggilega gagnrýni og þolinmæði gagnvart okkur við framkvæmd verkefnisins. Einnig færum við Ragnari Ragnarssyni þakkir fyrir yfirferð á verkefninu og góðar ábendingar, sem og Kristínu J. Sigurjónsdóttur trúnaðarmanni fatlaðra í Reykjavík og á Reykjanesi fyrir upplýsingar um starf sitt. Að auki fá fjölskyldur okkar, vinir og samstarfsmenn þakkir fyrir auðsýnda þolinmæði á meðan á námi stóð. Síðast en ekki síst viljum við þakka þeim sem þátt tóku í könnuninni og gerðu okkur kleift að klára verkefnið.

Það er von okkar að verkefni þetta nýtist öllum þeim sem starfa inn á heimilum fatlaðra.